

Kæri nemandi!

Það styttist í að skólastarf hefjist að nýju og við hlökkum mikið til að taka á móti þér í vikunni, nánar tiltekið **föstudaginn 19. ágúst en þá er fyrsti dagur kennslu**. Opnað verður fyrir stundatöfluna þína í Innu á eftir, en, eins og þú veist, þá þarf ræfræn skilríki til þess að geta opnað Innu.

Um leið og opnað verður fyrir INNU þá sérðu m.a. bókalista en mikilvægt er að nemendur komi með námsgögn við upphaf skólans því kennsla hefst af fullum krafti strax á fyrsta degi, **samkvæmt hraðtöflu sem þér verður send síðar í vikunni**. Einnig er mikilvægt að nemendur **hafi aðgang að fartölvu** eða öðrum tölvubúnaði og við minnum á að nemendur geta hlaðið niður Office pakkanum í gegnum vefsíðu skólans. Hægt verður að leigja skápa í anddyri skólans með því að senda tölvupóst á skrifstofa@flensborg.is.

Töflubreytingar fara fram dagana **19. – 22. ágúst** og fara þær fram rafrænt í gegnum INNU. Áfangastjóri mun minna á þetta þegar nær dregur en finna má **leiðbeiningar** varðandi töflubreytingar á vefsíðu skólans.

Að lokum

Eins og sjá má hér að ofan þá er ýmislegt framundan og því mikilvægt að fylgjast vel með tölvupósti þínum og fréttum á vefsíðu skólans. Einnig að fylgjast vel með á INNU því þar koma allar helstu upplýsingar fram um námið, heimavinnu og fleira. Einnig bið ég þig um að kynna þér líka helstu reglar skólans, m.a. almennar skólareglur og reglur um mætingu.

Gangi þér vel í vetur!

Bestu kveðjur,

Erla Sigríður Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskólans í Hafnarfirði